



# Bronsleikar ÍR

Laugardalshöll - Frjálsíþróttasalur  
18. september 2010 kl. 9:00 til 12:00  
Aldur 10 ára og yngri

16. september árið 2000 stóð Vala Flosadóttir á verðlaunapalli á Ólympíuleikunum í Sydney í Ástralíu. Hún tók við bronsverðlaunum í stangarstökki eftir að hafa sveiflað sér yfir rána í 4.50m hæð. Einu sinni áður höfðu ÍR-ingar eignast verðlaunahafa á Ólympíuleikum en það var þegar Vilhjálmur Einarsson fékk silfurverðlaun í þristökki á Ólympíuleikum í Melbourne árið 1956 með stökki upp á 16,26m. Þess má geta að Vilhjálmur á enn Íslandsmetið í þristökki 16,70m sem sett var 7. Ágúst 1960. Til heiðurs Vilhjálmi heldur Frjálsíþróttadeild ÍR Silfurleika ÍR í nóvember ár hvert og til heiðurs Völu viljum við nú, á 10 ára afmæli verðlauna hennar, efna til Bronsleika ÍR henni til heiðurs.

Til Bronsleika ÍR bjóðum við öllum börnum sem fædd eru árið sem Vala fékk bronsið og síðar það er 10 ára og yngri. Á Bronsleikunum verður áhersla lögð á gleði og gaman og fjölbreyttar þrautir á stöðvum víðsvegar um Frjálsíþróttahöllina í Laugardal. Þessi íþróttahátið hentar öllum börnum hvort sem þau æfa íþróttir eða ekki. Hér er áherslan ekki á keppni heldur skemmtilega og fjölbreytta þrautabraut þar sem allir eru með. Börnunum er skipt í 8 til 12 manna hópa eftir aldri og óskum barnanna og fullorðinn liðsstjóri fylgir hverjum hópi í gegnum þrautabrautina. Börn fædd 2002 og yngri verða saman í hópum og börn fædd 2000 og 2001 verða saman í hópum. Hver hópur verður myndaður og útbúin viðurkenningarskjöl sem verða aðgengileg til útprentunar á heimasíðu [Frjálsíþróttadeildar ÍR](http://ir.is/Deildir/Frjalsar/UmFrjalsithrottadeildIR/Nefndirograd/Framkvaemdanefndmota/Thrautabraut/) að leikunum loknum. Allir keppendur fá verðlaunapening að lokinni þátttöku. Áhugasamir geta lesið nánar um þrautabrautarmót sem þetta á heimasíðu deildarinnar á slóðinni: <http://ir.is/Deildir/Frjalsar/UmFrjalsithrottadeildIR/Nefndirograd/Framkvaemdanefndmota/Thrautabraut/>

#### Skráning hópa:

Allir geta myndað hópa og skráð til leiks. Hóparnir mega þó ekki vera fjölmennari en 12 börn. Senda þarf nöfn og kennitölur barnanna ásamt nafni á liðsstjóra á Margréti Héðinsdóttur [margret1301@gmail.com](mailto:margret1301@gmail.com) Einnig þarf að skrá inn nafn liðsstjóra sem fylgja þarf hverjum 8 til 12 manna hópi. Sjá nánar um hlutverk liðsstjóra á heimasíðu deildarinnar. Sjá slóðin hér að ofan.

**Skráningu lýkur á miðnætti þriðjudaginn 14. September.**

#### Skráning einstaklinga:

Senda þarf upplýsingar um nafn og kennitölu barns á [margret1301@gmail.com](mailto:margret1301@gmail.com) ásamt upplýsingum um það hvort barnið óskar eftir að vera í hóp með einhverjum sérstökum börnum sem það þekkir og veit að ætla að vera með.

**Skráningu lýkur á miðnætti þriðjudaginn 14. September.**

Þáttökugjald: 1500 krónur á hvert barn.

#### Greiðsla:

Hægt er að leggja inn á reikning deildarinnar 0115-26-14004 kt: 421288-2599 og sýna útprentaða staðfestingu á greiðslu þegar mætt er á leikana eða greiða á staðnum. Einnig má áframsenda bankastaðfestingu á [helgaje@internet.is](mailto:helgaje@internet.is) fyrir miðnætti 15. September.

Nánari upplýsingar gefur undirrituð í síma 821-2172

F.h. Frjálsíþróttadeildar ÍR

Margrét Héðinsdóttir, formaður  
[margret1301@gmail.com](mailto:margret1301@gmail.com)